

Tillaga að ályktun um vetrarþjónustu á Vestfjörðum

69. Fjórðungsþings Vestfirðinga lýsir miklum vonbrigðum með fálæti stjórnvalda gagnvart ákalli samfélaga og atvinnulífs á Vestfjörðum, um lengingu þjónustutíma vetrarþjónustu á Vestfjörðum. Augljóst er að stuttur opnunartími Vestfjarða hamlar uppbyggingu atvinnulífs og samfélaga og er í hróplegu ósamræmi við lengri þjónustutíma á öðrum atvinnusvæðum í landinu.

Fjórðungsþing Vestfirðinga skorar á innviðaráðherra breyta reglugerð um vetrarþjónustu og tryggja sértækt fjármagn til Vestfjarða þannig að landshlutinn standi jafnfætis við önnur svæði í landinu varðandi vetrarþjónustu.

Fjórðungsþing leggur til að þjónustutími á Djúpvegi um Steingrímsfjarðarheiði og Ísafjarðardjúpi og Vestfjarðavegi um Dynjandisheiði, Múlasveit, Klettsháls og Reykhólasveit sé sé samræmdur við opnunartíma á Bröttubrekku og Þröskuldum.

Jafnfram verði vetrarþjónusta innan sveitarfélagsins Vesturbyggðar sé lengd og verði samræmi við þjónustutíma milli byggðalaga á norðanverðum Vestfjörðum

Bætist: „ásamt því að færa Vestfjarðaveg 63, frá Bíldudalsflugvelli að Vestfjarðavegi á Dynjandisheiði upp um þjónustuflokk.

Flutningsmaður: Tryggvi Bjarnason